

Dalalæðan

1. tbl. 18. árg., 28. janúar 2005.



*Í næturhúmi,
mynd eftir Sólrúnu Jóhannesdóttur.*

Fjölmennum á þorrablótíð
í Hlégardí hinn 29. janúar.

Húsið opnar kl. 19.

---- Leiðari ----

Dalbúar ljúfir, látum nú flakka
læðuna góðu um hóla og slakka.
Ég segi það satt, hún fer ei með flím
finnst þér við ættum að hafa hér rím?

Hvað er að fréttu úr fellanna skauti,
finna menn muninn á sauðkind og nauti?
Sveitin er horfin og breytur er bær
botninn mig vantar, hann var hér í gær.

Lyftum nú glösum og porrann öll breyjum
þéttum svo hópinn, vel byrg af heyjum.
Að lokum við skulum stuðla með stuð-
lum, en stuðið er hérrna eins og hann guð.

Bjarki Bjarnason.

BYMOS

Byggingavöruverslun
Urðarholti 4.

Sími: 586 - 1210

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: 586 8080 Fax: 586 8081

PAD
SEM
TIL
PARF

PA
SE
TI
PAR

PA
SE
TI
PAR

VGH
MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 896 9443 896 2279



ísfugl

Reykjavégur 36 Mosfellsbær
Sími: 566 6103 - Fax 566 6762

GK

Snyrtistofa

PVERHOLTI 2.

SÍMI: 534 - 3424

Dalalæðan

1. tbl. 18. árg., 28. janúar 2005.

Útgefandi: Íbúasamtök Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Auglýsingar: Gísli Snorrason, Guðrún Karlsdóttir og Helgi M. Karlsson.

Umbrot: Karl Tómasson.

Prentun: Ljósrit og prent.

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum. Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

Merkisafmæli á árinu 2004

90 ára

Guðrún Elísabet Þórðardóttir frá Víðihól, 7. ágúst.

80 ára

Guðrún Tómasdóttir í Brennholti, 13. apríl.

75 ára

Skúli Skarphéðinsson á Röðli, 18. desember.

70 ára

Herdís Gunnlaugsdóttir í Helgadal, 22. febrúar.

Marta María Hálfdanardóttir frá Mosfelli, 3. apríl.

60 ára

Sr. Birgir Ásgeirsson frá Mosfelli, 9. mars.

Valur Þorvaldsson á Minna-Mosfelli, 15. apríl.

Logi Þ. Jónsson í Selvangi, 1. maí.

Guðrún Vilborg Karlsdóttir í Sigtúni, 5. maí.

Ásgeir Indriðason frá Víðigerði, 27. júní.

Fróði Jóhannsson frá Dalsgarði, 26. október.

Daði Runólfsson í Leirvogstungu, 30. nóvember.

50 ára

Jón Jóhannsson frá Dalsgarði, 23. febrúar.

Sigrún Hjálmtýsdóttir í Túnfaeti, 8. ágúst.

Svanhvít Hreinsdóttir frá Helgadal, 4. nóvember.

Magnús Benediktsson frá Mosfelli, 20. nóvember.

Dalalæðan óskar þessu ágæta fólk til hamingju.



Þórunn Bjarnadóttir

f. 22. janúar 1951, d. 11. apríl 2004

Þórunn ólst upp á Mosfelli en lauk stdentsprófi frá Menntaskólanum á Laugarvatni 1973 og hóf þá nám í læknisfræði við Háskóla Íslands. Þórunn dvaldi um 25 ára skeið í Danmörku og stundaði þar meðal annars garðyrkju- og veitingastörf en flutti heim til Íslands vorið 2002.

Ég var svo heppin að eiga Þórunni sem frænku og hún var engin venjuleg frænka. Þórunn hafði svo margt gott til að bera, hún var ljúf við alla, bæði menn og dýr. Hún var sérstaklega góð við okkur systkinabörnin sín, hún gerði allt eins vel og hún gat og jólagjafirnar hennar voru ekki af verri endanum. Þar valdi hún allt vel og vandlega handa hverjum og einum. Allt í kringum Þórunni var fallegt, hún hafði verulega næmt auga, hún var mjög litaglöð og gaf tilveru okkar mikinn lit.

Það voru ófá kvöldin sem við vorum að skottast saman ég, Þórunn og mamma á vinnustofunni hjá mömmu. Þar töluðum við um lífið og tilveruna, Þórunn var alltaf að nostra við eitthvað, allt sem hún gerði var fallegt hvort sem það var málverk eða prjónaskapurinn. Hún lagði mikinn metnað í að prjóna sokka og vettlinga handa okkur öllum í fjölskyldunni.

Þórunn mat alla jafnt, fyrir henni voru allir fallegir á sinn hátt. Það var margt í fari frænku minnar sem aðrir mættu taka sér til fyrirmynadar. Hún var tillbúin að gefa allt sem hún átti, kvartaði aldrei og var ávallt hógvær fyrir sína hönd. Kannski var verst að hún sá ekki alltaf hversu falleg manneskja hún var sjálf. Mér er það minnisstætt þegar hún sat eitt kvöldið heima og horfði hugsandi á svip í löfa sinn. Hún var þá að skoða sinn viðförla veg, sem hún hafði farið, og blindandi leiddi hún fingurinn eftir lífslínunni sem nú er á enda.

Það er mér mikill missir að kveðja Þórunni frænku mína. En þótt hún sé farin mun minningin um hana alltaf lifa með mér. Þórunn frænka, ég hefði aldrei trúð því hvað mér þótti vænt um þig enda er ekki annað hægt. Guð varðveiti þig.

Vilborg Bjarkadóttir.

Bifreiðaverkstæðið
Röðull

Sími: 566-6680

**Ferðapjónustan
og bókaútgáfan**
FRÁ H VIRFLI TIL ILJA

Sími: 566-7098, 820-0320
Netfang: bjabja@ismennt.is

Bjarki Bjarnason

Útvarp Reykjadur

Það mun hafa verið kringum 1960 að Einar Matthías Kristjánsson garðyrkjubóndi í Reykjadal fékk þá hugmynd að setja upp litla útvarpsstöð í gróðurhúsum sínum. Þau voru fimm talsins, samtals um 3000 fermetrar. Settir voru upp gamlir hátalara í húsin og tengdir saman með sprengipræði, en hvortveggja var keypt hjá Sölunefnd varnarliðseigna í Reykjavík. Einar fékk ungan rafvirkjanema, Helga Ólafsson, sem býr á Hvammstanga í dag, til að útbúa magnara þannig að hann dygði til þess að koma hljóði í hátalara.

Gamalt lampaútvarp var sett upp í pökkuunarhúsi gróðrarstöðvarinnar, síðan var hljóðnemi láttinn standa við hátalara útvarpsins og þannig magnaðist hljóðið um gróðurhúsin. Útværpið hafði möguleika á að ná „gómlu gufunni“ á langbylgju með því að tengja 30 metra eivír á milli vinnuhússins og íbúðarhússins. Vír þessi var festur með glerkúlum í hvorn enda til að útiloka jarðtengingu.



Feðgarnir í Reykjadal, Kristján og Einar. Myndin er tekin á 6. áratugnum.

Með þessum tækjabúnaði tók „Útvarp Reykjadur“ til starfa. Þetta var á þeim árum þegar Elvis Presley var hvað virkastur og jarðarförum útvarpað kl. 11 á morgnana. Almúginn var jarðaður á virkum dögum en broddborgarar á laugardögum.

Á þessum árum var starfrækt barnaheimili í Reykjahlíð, skammt frá Reykjadal. Börnin úr Reykjahlíð gátu unnið sér inn nokkrar



Ungir Dalbúar í Reykjadal seint á 6. áratugnum. Frá vinstri: Bjarki Jónsson Árvangi, Jóel og Þorkell Jóelssynir Reykjahlíð og Bryndís Einarsdóttir Reykjadal.

krónur með því að reyta arfa í gróðurhúsum Einars og nutu þess að heyra Presley rokka í varnarliðshátölurunum.

Það var svo einn daginn að Einari datt í hug að ef til vill mætti útvíkka starfsemi útvarpsins. Hann útbjó lítið „stúdió“ við hlið kæliklefans, lítið borð var sett upp og gataþlötur úr trétexti á veggi. Einn af strákunum úr Reykjahlíð var áberandi skarpur og hafði mikla frásagnarhæfileika. Einar bað hann um að lesa upp sögur í hátalarkerfið á meðan hin börnir reyttu arfann. Lesnar voru skemmtilegar sögur þ.á. m. svonefnar Pippasögur sem þóttu afar skemmtilegar. Upplesarinn hélt í þá daga Kristján Kristjánsson, en heitir í dag Anna Kristjánsdóttir.

Það var ekki nokkur vafi á að ungmannin nutu þess að hafa þessa tækni í hávegum, hvort sem það var Karl Júr Larbó sem lék á Hapsíkot, Presley í sveiflu, Kristján í „Stúdióinu“ eða jarðarför frá Dómkirkjunni.

„Útvarp Reykjadur“ starfaði í nokkur ár en þá komu öflugri útvarpsmagnarar sem réðu við að senda hljóð beint frá útvarpinu. Þá var hætt að útvarpa jarðarförum í útvarpinu og Bítlarnir kepptu við Jón Múla um hylli hlustenda.

Skráð árið 2003 af Kristjáni Einarssyni, syni Einars garðyrkjubónða.

Guðnahellir



Guðni Bjarnason refaskytta til vinstri ásamt ritstjóra *Dalalæðunnar* Bjarka Bjarnasyni. Myndina tók Porkell Jóelsson í könnunarleiðangri í Guðnahelli síðastliðið haust.

Vart er hægt að tala um hraunhella í Mosfellsbæ sem rísa undir nafni. Þó er allstór en nafnlaus hellir undir Illaklifi sunnan við Leirvogsvatn. Þar bjuggu útilegumenn á 17. öld en Eyvindur Jónsson og Margrét Símonardóttir fundust „við helli á Mosfellsheiði fyrir ofan Mosfellssveit og lifðu við kvíkfjártuld“ segir í Setbergsannál.

Eyvindur var alnafni hins sögufræga Fjalla-Eyvindar en á Alþingi árið 1676 var lesin upp eftirfarandi lýsing á Eyvindur og Margréti: „Hann rauðbirkinn, þykkvaxinn, með rautt skegg þykkt, ekki mjög sít, rauðleitur nokkuð, þykkleitur, glaður og listugur í viðmóti, kvæðamaður mikill, hagmæltur á skáldskap, ekki mjög hár, undir fertugs aldur. Hún er há kona, grannvixin, dökk á hárslit, glaðleg í viðmóti, réttvixin, undir fimmtugs aldur, að menn mein.“

Meinbugir voru á samvistum þeirra þar eð Eyvindur var kvæntur annarri

konu. Útilegufólk ið bjó viðar en á Mosfellsheiði en voru loks handtekin og dæmd til dauða árið 1678 fyrir hórdómsbrot. Eyvindur var hálshöggvinn en Margréti drekkt í Drekkningarhyl og urðu það örlog einu útilegumannanna sem búið hafa í Mosfellssveit, svo vitað sé.

Svo liðu ár og aldir. Á 20. öld stundaði Tryggvi Einarsson (1901-1985) í Miðdal refaveiðar um árabil, meðal annars á striðsárunum og þurfti þá að gæta sín á hernámsliðinu. Tryggvi segir í ævisögu sinni: „En þegar ég var kominn upp á heiði, töku skotin að fljúga allt í kringum mig. Ég tók þá það ráð að liggja fyrir á daginn í grágrýtishelli, sem er norður í brúninni fyrir sunnan Leirvogsvatn. Þegar nótt var komin, fór ég á stjá við refaleitina.“

Hinn 28. nóvember sl. fóru þrír Dalbúar í rannsóknarleiðangur í hellinn undir Illaklifi. Voru það Porkell Jóelsson tónlistarbóndi í Túnfæti, Guðni Bjarnason refaskytta á Hraðastöðum og undirritaður. Hellirinn var mældur hátt og lágt og er hann er um sjö metrar að lengd, fimm á breidd og lofhæð er viða um tveir metrar. Mjög viðsýnt er frá hellinum og kvaðst Guðni oft hafa komið þar og fylgst með ferðum lágfótum og reyndar er tófugreni skammt frá honum. Guðni sagðist eitt sinn hafa dvalið þar daglangt og setið um tófu sem leyndist í urðinni neðan við hellinn. „Hún slapp þá,“ segir Guðni á Hraðastöðum, „en ég náði henni næstu nótt.“

Og skal hellirinn sa Guðnahellir heita.

Bjarki Bjarnason.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu Dalalæðunnar:

Gróðrarstöðin Laugaból.
Auður og Ómar Laugabóli II.
Hildur og Örn á Laugabakka.
Reykjahlíðardrottningin, Gallerý Voff.
Salome og Jóel í Reykjahlíð.
Signý og Jón á Furuvöllum.
Jóhanna á Dalsá.
Kolbrún og Pétur á Brávöllum.
Anna og Gísli í Brekkukoti.
Þóra og Bjarki á Hvírfli.
Sigriður og Jón á Mosfelli.
Seljabrekka.
Bára og Páll Hraðastöðum 5.
Jenný og Guðni í Fagrahvammi.
Guðrún í Brennholti.
Sigga og Rabbi Hraðastöðum 4.
Eygerður og Jóhannes Hraðastöðum 1.
Nína og Bjarni Hraðastöðum 6.
Klara og Bjarni Hraðastöðum 3.
Duna og Dóri í Melkoti.
Sigrún í Jónstótt.
Lovísa og Magnús á Hraðastöðum.
Ólafur og Þóra Roðamóa 19.
Þórarinn og Ragnheiður í Laxnesi.
Helga og Logi í Selvngi.
Björgvin og Silvíu Rut á Vindhóli.
Fjölskyldan Túnfæti.
Herdís og Hreinn í Helgadal.
Þórildur og Sigurður í Hátúni.

Berglind og Fannar á Hrútafell.
Herdís og Björn í Brautarholti.
Hörður og Silla á Reykjaflot.
Ólöf og Helgi í Hlöðunni.
Baldur og Guðlaug frá Reykjadal.
Guðbjörg og Sigurður í Reykjadal.
Svava og Sigtryggur í Víðigerði.
Þuríður og Skúli á Röddi.
Unnar og Jón á Æsustöðum.
Júlíana og Gísli Dalsgarði 2.
Helga og Rúnar á Norður-Reykjum.
Helena og Gísli í Hveramýri.
Sigrún og Ásgeir frá Víðigerði.
Þórunn og Björn á Varmalandi.
Birgir D. Sveinsson.
Einar Jakobsson á Norður-Reykjum.
Birta, Tóti, Mundi og Gunna í Skuld.
Ásdís, Svava Dís og Reynir á Viði.
Davið Þór Einarsson frá Reykjadal.
Erna og Stefán í Árvangi.
Helga og Erlingur í Reykjadal.
Stefán og Guðný á Vífibakka.
Hólmfríður og Andrés á Hrísbру.
Ásgerður og Ólafur á Hrísbru.
Guðrún og Sigurður í Sigtúni.
Guðrún og Valur á Minna-Mosfelli.
Ingibjörg og Jónas Sveinsson
frá Minna-Mosfelli.
Steinunn og Sveinbjörn á Heiðarbæ.

Dalalæðan þakkar fyrir stuðninginn.



GÍSLASON Kl. 491194-2009

VIDGERÐIR ehf.

SMIÐSHÖFÐI II

SÍMT: 587 2060

FAX: 587 2070

Steinar Gísla

H. sími: 566 6541

Snorri Gísla

H. sími: 566 6595

GSM: 894 3229

BÍLASÍMI: 854 3229

Vörubilar - Jeppar
Bílavíðgerðir - Breytingar
Gírkassaviðgerðir



Brotabúlt 1 · 170 Mosfellsbær · Sími: 388 0383 · Fax: 388 0388
Faxsímar: Hellissíði 0900 · Kapbar 382 0255

Gamlar ljósmyndir

Bjarki Bjarnason tók myndirnar á 8. áratugnum.



Sigríður Bjarnadóttir (Sigga á Vatni) leiðir Ýri Þórðardóttur. Myndin er tekin fyrir utan Varmábrekku.




Baddi á Hraðastöðum með sturtuvagninn góða fyrir utan minkabúið á Skeggjastöðum.




Kjartan á Hraðastöðum og fleiri virða fyrir sér marghyrndan hrút. Snorri Gísla til vinstri en Haukur á Ökrum til hægri.



Bændur og búalið á hrútasýningu. Hér má meðal annars þekkja Hrein og Jóhönnu í Helgadal, Gunnar á Fellsenda, og Jón á Hálsi í Kjós.



Kjartan á Hraðastöðum gluggar í Almanak Þjóðvinafélagsins.



Tóti og Dísa í Dalsgarði í útilegu.



Logi Jónsson í Selvangi.



Tryggi Scheving í Árvangi.



Vinnustofa Þjóru á Hvírfli er opin eftir samkomulagi, s. 566-7098 og 820-0321.





Bryndís Kristinsdóttir

f. 8. október 1955, d. 13. mars 2004

Ég var svo lánsöm að eignast Bryndísi sem vinkonu. Við vorum nágrannar í Mosfellsdal og það var alltaf gaman að koma á heimili hennar og Reynis á Vífði. Þar ríkti samstaða og gott andrúmsloft, Bryndís var fyrirmundarmóðir sem sinnti sérlega vel öllu því sem sneri að fjölskyldunni og heimilinu. Þegar ég hugsa til hennar núna er mér efst í huga sterk og hlý kona sem hægt var að ræða við um hvað sem var og ætið var stutt í hláturinn og glensið hjá henni.

Fyrir rúnum tveimur árum greindist Bryndís með illvígum sjúkdóm og voru þær fréttir mikilög áfall fyrir hana, fjölskyldu hennar og vini. En þá kom í ljós einstakur styrkur Bryndísar og hugarró. Um hríð leit út fyrir að hún hefði unnið bug á veikindum sínum, sumarið 2003 leið og við áttum saman yndislegar stundir. En í ársþyrjun kom höggið, sjúkdómurinn tók sig upp á nýjan leik en þó bjóst enginn við að svo skammt væri til hinstu stundar. Bryndís gætti þess að íþyngja aldrei neinum með veikindum sínum og gerði sem minnst úr þeim. Hún var ótrúlega sterk kona.

Bryndís vinkona mín þráði vorið. Hún ætlaði að planta summarblónum við húsið sitt í dalnum sem hún hafði tekið svo miklu ástfóstri við. Daginn eftir að hún lést var vor í lofti í Mosfellsdal en því fylgdi sorg og tregi.

Þóra Sigurbórdóttir.



Járnbraut í Mosfellsdal

Fyrir síðustu jól kom út greinasafnið *Menn og minningabættir* eftir Jónas Magnússon (1890-1970) bónda og vegavinnuveirkstjóra í Stördal á Kjalarnesi. Í bókinni rifjar Jónas upp ýmislegt frá fyrri tínum og margt af því tengist Mosfells sveit. Meðal annars greinir hann frá því þegar kannað var að leggja járnbraut gegnum sveitina og austur í Árnessyslu. Veturnir 1912-1918 voru notaðir til að fylgjast með snjóalögum á Mosfellsheiði á skipulagðan hátt og sá Jónas um það verk undir umsjón Guðjóns Helgasonar vegavinnuveirkstjóra í Laxnesi.

Um járnbrautarstæðið segir Jónas í Stördal í bók sinni, bls. 125-126: „Járnbrautin átti að liggja frá Reykjavík fyrir ofan Elliðaárbrýr, framhjá Grafarholti, vestan Keldnaholts, norður myrarnar vestan við Lambhaga, síðan milli Blikastaða og Lágafells, vestan við bæinn Varmá og þaðan um Ása eða öðru nafni Helgafellsmela í Tjaldanes sem er vestast í Víðiroddanum í Mosfellsdal. Þaðan skyldi halda upp Mosfellsvíðir, fara yfir Köldukvísl á Minna-Mosfellsvaði, neðan við Borgarhús og upp svonefnar Hestbrekkur, vestan við Miðmundarhól, en hann er sunnan Skeggjastaða.“

Jónas Magnússon í Stördal.

Til að gera langa sögu stutta lenti járnbrautarmálið í útideyfú á Alþingi og ekkert varð úr framkvæmdum. Bílaðold var að renna upp á Íslandi og járnbrautin var aldrei lögð. Við getum hins vegar spurt okkur núna hvort almenningssamgöngur væru betri í dalnum um þessar mundir ef járnbraut hefði verið lögð um hann fyrir tæpri öld.

B.B.

Daladul

Margir Dalbúar þekkja söguna um hjúkrunarkonuna sem fórst á Ásunum á hernámsárunum. Hún hefur stundum gert vart við sig með einum eða öðrum hætti eins og eftirfarandi frásögn vitnar um en hún er höfð eftir óljúgróðum manni úr Mosfellsdal.

Maðurinn segist aka daglega yfir Ásana og stundum þurfi hann að grípa þar til farsímans. Ekki fylgir sögu hans hvort hann noti svonefndan handfrjálsan búnað enda spilar það ekki rullu í frásögn þessari. Dalbúinn segist margoft hafa tekíð eftir því að á ákveðnum stað á Ásunum rofni símasambandið eins og hendi sé veifað. Vill hann ekki útiloka að það standi á einhvern hátt í sambandi við hjúkrunarkonuna sem hefur haldið sig á þessu slóðum, bæði lífs og liðin.

Glögg stúlka úr Dalnum hefur einnig greint frá einkennilegri reynslu sinni á Ásunum. Hún fer þar oft um akandi og á ákveðnum stað þagnar útværpið skyndilega. Skiptir þá engu hvaða útværpsstöð er í gangi og má þetta heita merkilegt. Væri fróðlegt að vita hvort fleiri vegfarendur hafi orðið fyrir dul-rænni reynslu á þessum slóðum.



Úr þjóðsögum Bjarka Bjarnasonar.

Úra- og skartgripaverslun
Kjarna Mosfellsbæ

Sími: 544 4990 Fax: 544 4991 GSM: 894 9990
Netfang: bjartach@simnet.is

Þraumakaffi
Lifandi tónlist
allar helgar



JAKO Íþróttavörur

Phone: (364) - 566 7310

Mobile: (364) - 896 0131

Fax: (364) - 566 7241

E-mail: namo@namo.is

www.namo.is

Bók: 285

Bank: 519-26-4333

Cip: nrode: isbaire

Johann Gudjonsson

NAMO EHF.
Aðalstöð 18 • 270 Mosfellsbær • ICELAND

Guðjón S. Valgeirsson
tannlæknir.
Urðarholti 4.
Sími: 566 - 6992



Dalsgarður

- við gerum rósir

Blómasala alla daga kl. 9.00-13.00
Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannesson rósabondi/rosefarmer
Dalsgarður 270 Mosfellsbær Iceland

Sími/tel. +354 566 7490

Fax: +354 566 7610

Netfang/e-mail: dalsgardur@isicel.is

Álafoss
verksmiðjusala

Opið virka daga kl. 10-18

laugardaga kl. 10-14

Sími: 566-6303 Fax: 566-8330

Verið velkomin.



Eygerður Ingimundardóttir

f. 13. mars 1938, d. 11. janúar 2005

Mig langar til að minnast mágkonu minnar Eygerðar, eða Eyju eins og við kölluðum hana alltaf, með nokkrum orðum. Okkar samskipti hafa verið góð þau 39 ár sem við höfum þekkst. Fyrstu árin eftir að ég flutti að Hrísbú Bjó hún í Reykjavík með sína fjölskyldu en árið 1974 flutti hún aftur í dalinn sinn þegar hún og Kristján byggðu upp á Viði. Þá urðum við nágrannar næstu 15 árin og gerðum margt saman, fórum til dæmis í hestaferðir á þingvöll, kvennareið um dalinn á vorin og margt fleira. Við áttum líka börn á svipuðum aldri og dætur okkar urðu einnig miklar vinkonur. Það var alltaf jafn notalegt að skreppa og fá kaffisopa við eldhúsborðið hjá Eyju og spjalla við hana því hún hafði gott lag á því að láta manni líða vel.

Eyja var ein af þeim sem allt lék í höndunum á, hvort sem það var handavinna, matargerð eða annað, og hún lét ekkert frá sér nema það væri fyrsta flokks, enda bar heimili hennar alla tíð vott um mikla smekkvísi og alúð.

En lífið var ekki alltaf dans á rósum, Eyja varð fyrir mörgum áföllum um ævina. Þyngsta áfallið var þegar hún missti Ólöfu dóttur sína af slysþórum vorið 1989, aðeins 18 ára gamla. En það átti eftir að rofa til á ný í hennar lífi, þegar hún kynntist eftirlifandi eiginmanni sínum Henning Kristjánssyni en þau áttu saman mjög góðan tíma, þótt hann yrði alltof stuttur. Þau höfðu bæði mikinn áhuga á garðrækt og hönnuðu í sameiningu frábærar garð í Reykjabyggðinni svo ekki sé talað um veiðiferðirnar sem voru þeirra líf og yndi.

Snemma á síðasta ári fór svo að draga ský fyrir sólu er hún fór að kenna þess meins sem að lokum hafði betur. Allan þennan tíma barðist Eyja eins og hetja og aldrei heyrði ég hana segja æðruorð. Eyja dvaldi lengst af heima þar sem Henning og dætur hennar gerðu allt sem hægt var til að henni gæti liðið sem best en þar kom að hún purfti að leggjast inn á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þar sem hún dvaldist síðustu vikurnar og naut frábærrar umönnunar góðs starfsfólks.

Elsku Henning, Inga Elín, Jóna Magga, Bóel, Steinunn og ykkar fjölskyldur, ég og fjölskylda míni votta ykkur okkar dýpstu samúð. Þið hafið misst mikið en minningin um góða konu lifir. Þér Eyja míni vil ég þakka samfylgdina.

Ásgerður Gísladóttir.

Hlégarður



VEISLUGARDUR


Veislubjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097

**Líkami
og sál**

Þverholti 11.

Sími: 566 - 6307



George W. Simons

f. 13. janúar 1935, d. 18. október 2004

Fyrir nokkrum áratugum fluttist Sigrún frænka míni til Bandaríkja Norður-Ameríku og dvaldi þar við nám og störf. Þar kynntist hún lífsförunaut sínum, ungum lækni, George Washington Simons að nafni. Að brúðkaupi loknu hér heima á Íslandi settust þau að í heimalandi hans og þar var heimili þeirra um árabil. Þau eignuðust tvær efnilegar dætur og fögur framtíð blasti við.

En enginn má sköpum renna. Fyrir nokkrum árum greindist George með ill-vigan, ólæknandi sjúkdóm, sem skerti starfsprek hans smátt og smátt. Þegar ljóst var hvert stefndi með heilsu hans ákváðu þau hjónin að flytja heim til Íslands, stofnuðu heimili í Jónstótt í Mosfellsdal og hugðust eyða þar síðustu ævidögunum. En prekið þraut að lokum og hinn 18. okt. sl. andaðist George á Landspítalanum í Fossvogi eftir hálfsmánaðardvöl.


George lagði stund á barnabæklunarlækningar og var professor í þeiri grein við Medical College í Wisconsin. Sýnir það eitt hæfni hans og færni í þessari grein læknisfræðinnar enda naut hann mikils álíts meðal starfsbræðra sinna. Ég, sem petta rita, hitti George nokkrum sinnum, er hann dvaldi hér. Mér duldist ekki að þar fór mannkostamaður. Hann var hógvær í fasi og yfirlætislaus og manni leið vel í návist hans. Það sama segja þeir, sem kynntust honum betur en ég og áttu þess kost að dvelja með honum í leik og starfi.

George bar ávallt hlýjan hug til ættlands konu sinnar. Hann kom nokkrum sinnum í heimsókn til Íslands og heimili þeirra hjóna stóð ávallt opið þeim vinum, æettingjum og samlöndum sem leið áttu vestur um haf. Og ákvörðun þeirra hjóna að flytja hingað heim var honum hugbækki og hann naut þess að dvelja í húsi sínu og fylgjast með lífinu í Mosfellsdal, sem blasti við frá heimili hans. Sú dvöl varð þó skemmri en ætlað var. Að leiðarlokum eru þakkir færðar fyrir hin góðu kynni sem voru alltof stutt.

Tómas Einarsson.

Erum í leiðinni
stutt til allra átta...

Hlin
Blómahús
Mosfellsbær





Trausti Eyjólfsson

f. 22. febrúar 1964, d. 15. mars 2004

Ég lít yfir farinn veg, 40 ára aftur í tímann. Þá var ég ellefu ára og eignaðist líttinn bróður. Trausti fæddist heilbrigður, það var mikil tilhlökkun þegar mamma kom heim með hann af spítalanum. Þá hafði ég nóg að gera við að taka hann og passa og hnoðast með hann. Trausti var ekki gamall þegar ég var með hann úti á bletti fyrir framan húsið heima og sá hann detta aftur fyrir sig og beint á hnakkann. Trausti var mjög flogaveikur upp frá því.

Í kringum tvítugt var orðið erfitt að hafa hann heima. Þá fluttist hann að Tjaldanesi og bjó þar nærrí í 20 ár. Þar var hann mjög ánægður enda allir svo góðir við hann. Þegar ég kom þangað í heimsókn var ég ekki bara að heimsækja Trausta, heldur líka alla hina strákana í leiðinni. Þetta var eins og ein stór fjölskylda, allir röðuðu sér upp í einfalda röð og vildu klappa mér og knúsa. Þetta voru góðar stundir. Trausti flutti síðan á sambýlið í Kletthrauni 17 í Hafnarfirði. Þar var hann mjög ánægður. Hann fékk mjög stórt og gott herbergi, og allir voru góðir við hann.

Ég vil senda þakklætiskveðju til Magneu Magnúsdóttur, sem vann á Tjaldanesi, hún var í miklu uppáhaldi hjá Trausta, og hann talaði oft um hana. Þeir strákarnir máttu kalla hana mömmu, þetta sagði hann mér margoft. Ég bakka einnig öllu starfsfólkinu á Tjaldanesi og í Kletthrauni fyrir þá hlýju og umönnun sem hann fékk á pessum stöðum. Einna fær starfsfólk ið, læknar og prestur á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi pakkir frá okkur. Bless, elsku Trausti minn, ástarkveðja frá henni systur þinni.

Oddny Gréta Eyjólfssdóttir.

**Bifreiðaverkstæði
Guðvarðar
og Kjartans.
Sími 566 - 6257**



MF Pjónustan
stf.
Grænumýri 5b, 270 Mosfellsbæ
S: 566-7217, 854-0617 Fax: 566-8317



KB BANKI

Gullsmiður úr Mosfellsdal



Mosfellsdalurinn hefur fóstrað mörg skáld og rithöfunda í meira en 1000 ár. Óðru hvoru bætist við vitneskja um ný nöfn. Að þessu sinni er vikið að skáldi sem fæddist og ólst upp í Laxnesi.

Fyrir réttum 160 árum eða 18. janúar 1845 fæddist Benedikt Ásgrimsson gullsmiður. Af basli hans segir nokkuð í nýjustu bók Matthíasar Viðars Sæmundssonar um Héðin, Bríeti, Valdimar og Laufeyju sem kom út síðastliðið haust. Benedikt var sonur Ásgríms Jónssonar bónda í Laxnesi og Sigriðar sem var dóttir Bernedikts Magnússonar prests á Mosfelli sem ýmsir telja hafi verið fyrirmund Einars Benediktssonar í kvæði hans *Messan á Mosfelli*.

Benedikt Ásgrimsson lærði gullsmiði hjá Magnúsi Hjaltested og lauk sveins-prófi 1870. Hann fékk verðlaun fyrir fagra og vandaða vinnu á lönsýningunni 1882 sem mun hafa verið sú fyrsta. Frá Benedikt er kominn tölverður ættbogi. Meðal afkomenda hans eru: Sigriður húsfrú í Reykjavík og Hallgrímur prentsmiðjustjóri og útgefandi *Alþýðublaðsins* um nokkurra árabil. Móðir þeirra var Margrét Gestsdóttir (1853-1882) frá Útskálahamri í Kjós sem var fyrri kona Benedikts.

Með seinni konu sinni, Jóhönnu Gunnarsdóttur frá Eyrarkoti í Vogum, eignaðist hann þrjú börn: Benediktínu Lilju, Margréti Ingigerði og Gunnar Espólín en sonur hans er Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri og síðar seðlabankastjóri.

Benedikt var margt til lista lagt. Hann var sagður vel gefinn, skáldmæltur, bókhneigður, las mikið, hafði góða söngrödd og lék á organ.

Guðjón Jensson.

Mosfellssveit

Blasir af breiðum vegi
búlduleitt Grímannsfell.
Í vélinni heyri ég hósta
hiksta vindgang og smell.

Áð var að Álafossi
- ána mjög lambið saug -,
þar er ein þófarastofa
og þar er ein dægileg laug.

Mosfellssveit aka ótal
erlendir túistar,
líklega langmest af því
Laxness á heima þar.

Jói trukkur.

Kvæðið birtist í *Morgunblaðinu*
18. ágúst 1963.

Soja

Nýju sojavörurnar
og unaðsolíurnar komnar.

Alma Þ. G. Óskars. Sími: 566 - 567



REYKJABÚID

REYKJUM • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 566 6800

Annáll ársins 2004

Þorrablót

Þorrablót Dalbúa 2004 var haldið í Hlígarði hinn 31. janúar. Metaðsókn var eða um 170 manns. Brak og brestir tóku hressilega á móti gestum, sáu um fjöldasöng og Birgir Sig. mætti með annálinn sinn, sem alltaf er beðið eftir á hverju ári, og var hann góður, að vanda. Dalbúar og aðrir gestir skemmtu sér svo fram eftir nóttru við söng og dans við undirleik Gráa fiðringsins.

Aðalfundur

Aðalfundur Víghóls var haldinn í Bakkakoti 30. nóv. sl. Breyting varð á stjórni félagsins, Nína á Hraðastöðum gaf ekki kost á sér lengur í stjórni og í hennar stað var Helgi M. Karlsson í Hlöðunni kosinn. Aðrir í stjórni eru Gísli Snorrrason og Guðrún Karlsdóttir. Einnig var borkell Jóelsson kosinn sem vara-maður í stjórni. Víghóll þakkar Nínu fyrir gott samstarf og býður þá Helga og Kela velkomna til starfa.

Valur á Minna-Mosfelli sýndi stutta kvíkmynd sem unnin var í Hollywood um fornleifauppröftinn á Hrísbru. Erlingur í Reykjadal fræddi okkur um skógarkerfilinn og um hvað hægt sé að gera svo að hann leggi ekki dalinn undir sig. Þurfa Dalbúar að taka orf í hönd og slá kerfilinn um mitt sumar. Fleiri mál eru á dagskrá fundarins, t.d. gönguleiðin meðfram Köldukvísl.

Nágrannavarsla

Nágrannavörlusluskiltin eru komin. Fyrirtækið Auðséð útbjó 25 skilti og kostuðu þau 50 þúsund krónur.

Leitað var til VÍS og styrkti það dalbúafélagið um þá upphæð sem þurfti til og þökkum við VÍS kærlega fyrir það.

Framkvæmdir

Lagfærðir voru nokkrir afleggjarar í sumar, t.d. Hvirfilsafleggjarinn, Æsumói og Hraðastaðavegur. En betur má ef duga skal.

Áramótavarðeldur

Á gamlárskvöld var að venju „varðeldur“ á norðurbakka Köldukvíslar. Logaði þar glatt og létu Brak og brestir vel í sér heyra.

Dalalæðan

þetta er 18. árgangur *Dalalæðunnar*. Núverandi og ekki síður brotfluttir dalbúar bíða spenntir allt árið eftir næsta blaði. Stjórn Víghóls þakkar öllum þeim sem styrkt hafa útgáfuna. Sérstakar þakkir fær ritstjórin, Bjarki Bjarnason, fyrir frábæra ritstjórm.

**Sjáumst
á þorrablótinu!**

Gogó Karls.